

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. júlí 2023 í máli nr. 6/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 12. janúar 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst viðurkenningar á rétti til riftunar samnings aðila og fullri endurgreiðslu. Þá krefst sóknaraðili viðurkenningar á rétti til skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir. Varnaraðili krefst aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubræfi, dags. 24. janúar 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 18. apríl 2023. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 24. apríl 2023 og þann 20. maí 2023 bárust athugasemdir frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, reikningur fyrir þjónustu varnaraðila, skoðunarskýrslur, myndir, reikningur fyrir viðgerð á sturtu vegna leka, viðgerðarlýsing, staðfesting á greiðslum og afrit af samskiptum milli aðila.

Með bræfi, dags. 11. júlí 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum máls óskaði sóknaraðili eftir tilboði varnaraðila í verk sem fól í sér endurnýjun á baðherbergi í íbúð sóknaraðila að [...]. Endanleg fjárhæð verkkaups nam 2.004.706 krónum og hefur verið að fullu greitt.

Verk varnaraðila fólst í niðurrifi baðherbergis íbúðarinnar og endurnýjun þess að öllu leyti. Sóknaraðili byggir á því að galli hafi verið á verki varnaraðila og telur ástand baðherbergisins óásættanlegt.

Varnaraðili lauk við að endurgera baðherbergi sóknaraðila í lok árs 2019. Vorið 2020 komu í ljós rakaskemmdir á vegg sem aðskilur baðherbergi og stofu í íbúð sóknaraðila og þann 11. maí sama ár hafði sóknaraðili samband við tryggingafélagið sitt vegna lekans. Tryggingafélagið taldi tjónið ekki falla undir skilmála ábyrgðartryggingar og hafnaði bótaskyldu þann 25. ágúst 2020. Skoðun tjónamatsmanns félagsins leiddi í ljós að leki stafaði af ófullnægjandi frágangi á blöndunartækjum í sturtu. Þá liggur fyrir skýrsla frá [...], dags. 3. júní 2020, gerð að

beiðni sóknaraðila, sem kveður á um að mikill raki sé í vegg og í lofti í íbúð í kjallara fyrir neðan íbúð sóknaraðila. Í skýrslunni segir að niðurstaða skoðunar hafi leitt í ljós að raki komi líklega frá lögnum sem hafi bilað.

Samkvæmt gögnum máls hafði sóknaraðili samband við varnaraðila þann 16. júní 2021 þar sem hann upplýsti um lekann og að hann teldi lekann stafa af ófullnægjandi frágangi á niðurfalli. Sóknaraðili bauð varnaraðila að koma og leggja mat hvort galli væri á niðurfalli sturtunnar. Þá liggur fyrir að varnaraðili hafði í kjölfarið samband við sóknaraðila símleiðis og bentu honum á að hafa samband við tryggingar til að kanna rót lekans.

Að sögn sóknaraðila hafi ekki tekist að upplýsa um eðli annmarkans fyrr en hann hafi fengið annan verktaka, [...], til að finna orsök lekans og gera við hann. Þegar opnað hafi verið að rakanum hafi komið í ljós að um væri að ræða ófullnægjandi frágang á niðurfalli sturtunnar og við blöndunartæki og sturtuhaus. Þá hafi komið í ljós að frágangur við vask og niðurfall úr honum hafi verið ófullnægjandi. Fyrir liggur skýrsla verktakans [...] þar sem ástandi baðherbergisins og verki varnaraðila er lýst. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að öll framkvæmdin við endurgerð á baðherberginu hafi verið unnin af mönnum með litla fagþekkingu auk þess sem gera megi ráð fyrir að heildarendurnýjun á baðherbergi sé nauðsynleg á næstu árum til að koma í veg fyrir frekara tjón. Varnaraðili hefur hafnað sönnunargildi umræddrar skýrslu í málinu þar sem [...] sé samkeppnisaðili hans á markaði og því ekki óvilhallur aðili.

Þann 12. október 2022 hafði sóknaraðili aftur samband við varnaraðila þar sem hann upplýsti varnaraðila um að hann hafi látið endurgera sturtuna til að finna orsök lekans og að frágangur á niðurfalli sturtunnar hafi verið meginorsök lekans. Sóknaraðili hafi á þeim tíma beðið varnaraðila um upplýsingar um ábyrgðartryggingu sem hann hafi haft á þeim tíma sem verkið var framkvæmt og viðurkenningu á að tjónið yrði greitt úr tryggingu varnaraðila. Varnaraðili svaraði sóknaraðila með tölvupósti sama dag þar sem hann segir ábyrgð á verkinu ekki lengur fyrir hendi og neitar að meint tjón sóknaraðila verði greitt úr hans tryggingu.

Sóknaraðili krefst viðurkenningar á að honum sé rétt að rifta samningi við varnaraðila vegna galla á þjónustu, sbr. 14. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Þá krefst sóknaraðili viðurkenningar á rétti til greiðslu skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir, sbr. 15. og 25. gr. laganna. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá kærunefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Þá gerir varnaraðili kröfu um að sóknaraðila verði gert að greiða málskotsgjald og málskostnað.

### *3.1. Sjónarmið sóknaraðila*

Sóknaraðili vísar til þess að verk varnaraðila sé stórlega gallað og ástand baðherbergisins með öllu óásættanlegt. Sóknaraðili segir að strax að framkvæmdum loknum, um áramótin 2019-2020 hafi baðherbergið virst vera vel heppnað en vorið 2020 hafi komið í ljós rakaskemmdir. Töluverðan tíma hafi tekið að komast að orsökum tjónsins og í fyrstu hafi verið haldið að um leka frá lögnum væri að ræða. Sóknaraðili hafi haft samband við tryggingafélag sitt og [...] vegna málsins. Tryggingafélag sóknaraðila hafi hafnað bótaskyldu um mitt ár 2020 en um sama leyti hafi komið upp veikindi í fjölskyldu sóknaraðila auk þess sem erfitt hafi reynst að fá iðnaðarmenn til að skoða baðherbergið. Þegar sóknaraðili hafi fengið

verktaka í málið hafi verið upplýst um eðli annmarkans auk þess sem ekki hafi verið ljóst um allar skemmdir fyrr en opnað hafi verið að rakanum. Sóknaraðili bendir á að um leið og niðurstöður verktakans hafi legið fyrir hafi varnaraðila verið tilkynnt um gallann munnlega og síðar með tölvupósti.

Sóknaraðili byggir á því að verkið í heild sé haldið galla samkvæmt meginreglum samninga-, neytenda- og kröfuréttar. Þá bendir sóknaraðili á að kröfuhafi öðlist heimild til að beita vanefndaúrræðum þegar skuldari afhendi gallaða greiðslu. Lög nr. 42/2000 um þjónustukaup eigi við um ágreining aðila, enda sé um að ræða vinnu við fasteign í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Sóknaraðili telji þjónustu varnaraðila verulega gallaða í skilningi laganna og bendir á að samkvæmt 4. gr. laganna skuli útseld þjónusta vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Þá skuli seljandi þjónustu gæta þess að hún sé í samræmi við almennar reglur, staðla, reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gildi um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytanda, sbr. 5. gr. laganna. Þjónusta teljist gölluð ef árangur af verki stenst ekki kröfur samkvæmt 4. gr. eða árangur verði minni eða hafi minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flytjist aftur til hans og rekja megi orsök þess til vanrækslu seljanda, sbr. 9. gr. laganna. Þá megi benda á að seld þjónusta teljist gölluð ef þjónustan feli í sér hættu á eignatjóni, sbr. 4. tölul. 9. gr. Af fyrirliggjandi upplýsingum verði ekki séð að verk varnaraðila hafi fullnægt kröfum laga og reglna auk þess sem baðherbergið nýtist engan veginn sem skyldi vegna umræddra galla. Vinnubrögð varnaraðila hafi auk þess valdið eignatjóni á íbúð kæranda og öðrum íbúðum hússins.

Sóknaraðili vísar til þess að það sé augljóst að varnaraðili hafi ekki staðist kröfur sem gera megi til faglærðra iðnaðarmanna þrátt fyrir að varnaraðili hafi fullyrt að um faglega þjónustu iðnaðarmanna væri að ræða. Þá sé varnaraðili á meðal fyrirtækja á heimasíðu [...] og telji sóknaraðili það ámælisvert og neytendum í óhag.

Sóknaraðili bendir á að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin svo verulegum galla með tilliti til vinnubragða að ekki verði talið að fyrirtækið sé hæft til að bæta úr galla, sbr. 11. gr. laga um þjónustukaup. Sóknaraðili hafi þurft að láta lagfæra sturtuhluta baðherbergisins til að koma í veg fyrir frekara tjón og telji ólíklegt að varnaraðili hafi verið fær um slíkt. Sóknaraðili vísar til þess að sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem heimili honum að hafna úrbótum varnaraðila, sbr. 16. gr. laga um þjónustukaup. Varnaraðili geti ekki bætt úr galla án verulegs kostnaðar og óhagræðis fyrir sóknaraðila og því hafi honum verið heimilt að hafna úrbótum varnaraðila.

Þá vísar sóknaraðili til þess að umræddur galli á verki sé svo verulegur að það réttlæti riftun verksamnings, sbr. 14. gr. laga um þjónustukaup. Sóknaraðili geti krafist riftunar samnings þrátt fyrir að þjónustan hafi þegar verið greidd, sbr. 2. mgr. 13. gr. laganna og því ljóst að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila hið greidda verkkaup.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 25. gr. laga um þjónustukaup beri seljanda að bæta neytanda það tjón sem verði á eignum neytanda þegar verk sé unnið nema seljandi sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu. Þá eigi neytandi rétt til skaðabóta verði hann fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu, sbr. 15. gr. laganna. Sóknaraðili byggir á því að tjón hafi orðið á íbúð sóknaraðila og öðrum íbúðum

hússins auk þess sem nauðsynlegt hafi verið að láta annan verktaka bæta úr göllum á baðherbergi í íbúð sóknaraðila.

Sóknaraðili geri kröfu um endurgreiðslu verkkaups að fjárhæð 2.004.706 krónur auk þess að gera kröfu um endurgreiðslu á kostnaði sem hafi fallið til vegna nauðsynlegra viðgerða, samtals að fjárhæð 1.520.835 krónur. Krafa sóknaraðila sé í heild 3.525.541 krónur vegna galla á þjónustu varnaraðila.

### 3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að ekki hafi borið á öðru en að sóknaraðili hafi verið ánægður með verkið og að um vel heppnaða aðgerð hafi verið að ræða, enda hafi sóknaraðili greitt endanlega fjárhæð verkkaups athugasemdalaust. Varnaraðili hafi lokið verki sínu í nóvember 2019 en þann 16. júní 2021, meira en einu og hálfu ári eftir verklok, hafi sóknaraðili haft samband vegna leka. Varnaraðili hafi bent honum á að hafa samband við tryggingafélagið sitt en hafi jafnframt tjáð sóknaraðila að hann vildi sjálfur koma og skoða og eftir atvikum lagfæra ef í ljós kæmi að lekinn yrði rakinn til verka varnaraðila. Þá bendir varnaraðili á að ekkert hafi heyrst frá sóknaraðila fyrr en 12. október 2022, tæpum þremur árum frá verklokum, þegar hann hafi upplýst varnaraðila um að búið væri að endurgera hluta baðherbergisins til að finna orsök lekans.

Varnaraðili gerir kröfu um að málinu verði vísað frá kæruneftndinni. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið með varnaraðila, sbr. a. lið 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 og beri að vísa málinu frá þegar af þeirri ástæðu. Þar að auki sé kvörtun sóknaraðila ótæk til meðferðar hjá kæruneftndinni, sbr. e. lið 2. mgr. 14. gr. sömu laga. Útilokað sé að átta sig á hverju málalíbúnaður kæranda sé byggður auk þess sem kröfur sóknaraðila séu örökstuddar og gangi hvor gegn annarri. Þá telji varnaraðili ómögulegt að átta sig á hvaða galla sóknaraðili telji vera á verki varnaraðila auk þess sem ekki hafi verið vikið að því hvaða saknæmu háttsemi varnaraðili hafi viðhaft sem hafi orsakað tjónið. Þá bendi hann á að lýsing kröfubrúfs og skoðunarskýrslu málsins beri ekki saman um umfang tjónsins.

Varnaraðili ítrekar að hann hafi boðist til að koma og bæta úr meintum galla þegar búið væri að kanna hvort lekann mætti leiða af verki varnaraðila. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi leitað til tryggingafélags síns og [...] sem hafi ekki fundið neitt athugavert við verk varnaraðila. Um óvilhalla fagaðila hafi verið að ræða. Í kjölfarið hafi sóknaraðili fengið samkeppnisaðila varnaraðila á markaði til að endurgera baðherbergið í íbúð sinni án þess að hafa samband við varnaraðila áður. Með því telji varnaraðili að sóknaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig galla, sbr. 16. gr. laga nr. 42/2000. Varnaraðili telji að sóknaraðili hafi ekki haft neinar ástæður til að hafna seljanda þjónustunnar um að taka að sér úrbætur á gallanum þar sem það hafi legið skýrt fyrir að ef lekann mætti rekja til verka varnaraðila væri hann boðinn og búinn að bæta úr gallanum.

Varnaraðili bendi á að frestur til að bera fyrir sig galla samkvæmt 17. gr. laga nr. 42/2000 hafi verið löngu liðinn. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi ekki tilkynnt honum um gallann innan sanngjarns frests eftir að honum hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að verkið væri gallað. Varnaraðili telji að sóknaraðili hafi fyrirgert rétti sínum sökum tómlætis þar sem þrjú ár hafi liðið frá framkvæmd verksins og þar til varnaraðila hafi verið tilkynnt um galla á verkinu. Hann telji því að ábyrgð varnaraðila hafi verið liðin þegar honum hafi borist tilkynningin.

Varnaraðili byggir auk þess á því að verkið uppfylli allar kröfur sem lög nr. 42/2000 um þjónustukaup geri til verksins. Efni og vinna verks hafi verið í samræmi við 4. gr. laganna, kröfur um öryggi, sbr. 5. gr. laganna, hafi verið uppfylltar auk þess sem varnaraðili hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt 6. gr. laganna. Þá vilji varnaraðili benda á að hann hafi ekki átt nokkurn kost á að vita hverju var ábótavant við verkið eða hvað hafi ollið tjóninu þar sem sóknaraðili hafi ekki upplýst hann um niðurstöður skoðunar áður en hann hafi, án samráðs við varnaraðila, látið gera við hluta baðherbergisins þar sem verki varnaraðila hafi verið umbylt.

Varnaraðili segir sóknaraðila ekki eiga rétt á skaðabótum, enda verði tjónið ekki rakið til vanrækslu hans. Þá bendi varnaraðili á að sóknaraðili eigi engan kost á að sýna fram á að gallinn verði rakinn til þjónustu hans, sbr. 15. gr. laga nr. 42/2000. Varnaraðili telji að tjónið geti verið tilkomið vegna leka í frárennislögnum sem hann beri enga ábyrgð á.

Þá hafni varnaraðili alfarið sönnunargildi framlagðrar skýrslu frá verktakanum [...]. Varnaraðili bendir á að [...] sé samkeppnisaðili hans á markaði við endurgerð baðherbergja og sé því ekki óvilhallur aðili í málinu. Hann telji að samkeppnisaðilinn eigi beina, fjárhagslega hagsmuni af matinu og niðurstöðu málsins. Þá virðist skýrslan, sem sé ódagsett, hafa verið unnin þremur árum eftir verklok. Varnaraðili vilji sérstaklega taka fram að hann hafni alfarið skoðunum og lýsingum [...] á verkinu.

### 3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum bendir sóknaraðili á að hann sé ekki sérfróður iðnaðarmaður og hafi lagt traust sitt á varnaraðila sem fagmann við verkið. Sóknaraðili hafi því ekki haft forsendur til að sjá strax eftir verklok að eitthvað athugavert væri við verk seljanda og þar af leiðandi hafi hann greitt verkkaup til varnaraðila án athugasemda. Það hafi ekki verið fyrr en vorið 2020 sem hafi farið að bera á skemmdum í vegg á milli stofu og baðherbergis og í fyrstu hafi verið haldið að um væri að ræða leka frá lögnum. Af þeim sökum hafi verið haft samband við tryggingafélag sóknaraðila þann 11. maí 2020 en erfiðlega hafi gengið að fá staðfesta orsök lekans. Tryggingafélagið hafi hafnað bótaskyldu um mitt ár 2020 en þá hafi sóknaraðili enn ekki vitað hverjar orsakir lekans væru. Við fyrstu skoðun hafi pípari á vegum tryggingafélagsins talið að uppruna lekans mætti rekja til röra í veggnum auk þess sem leki við sturtuhaus hafi verið stöðvaður. Í síðari skoðun hafi pípari á vegum félagsins talið að lekinn stafaði frá niðurfalli. Á þessum tíma hafi sóknaraðili ekki haft neinar forsendur til að átta sig á hverjar raunverulegar ástæður lekans væru.

Þá hafi ýmis atriði orðið til tafa í málinu, meðal annars veikindi í fjölskyldu sóknaraðila og erfiðleikar við að fá iðnaðarmenn. Það hafi því ekki verið fyrr en annar verktaki hafi verið fenginn í málið sem upplýst hafi verið um eðli annmarkans. Þá hafi ekki verið fyllilega ljóst um allar skemmdir fyrr en opnað hafi verið að rakanum.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðila hafi verið tilkynnt munnlega um gallann um leið og þetta hafi verið ljóst. Þann 16. júní 2021 hafi sóknaraðili svo sent varnaraðila tölvupóst þar sem honum hafi verið tilkynnt formlega um lekann og að álit tryggingafélags væri að frágangur á niðurfalli væri meginorsök lekans. Í kjölfarið hafi hann boðið varnaraðila að koma og meta hvort galli væri á niðurfalli. Í símtali

sem þeir hafi átt í kjölfarið hafi varnaraðili sagt að tryggingafélagið ætti að afgreiða málið sjálft eða vísa máli til tryggingafélags varnaraðila. Þá hafi varnaraðili tjáð sóknaraðila að hann gæti ekkert gert nema óskað væri eftir því af tryggingafélagi. Það hafi því alfarið verið ákvörðun varnaraðila að skoða ekki aðstæður og meta hver orsök lekans væru. Varnaraðili verði að bera hallann af þeirri ákvörðun sjálfur, enda sé ljóst að sóknaraðili hafi gefið honum kost á að koma að málinu. Í ljósi þess að varnaraðili hafi ekki viljað koma á staðinn hafi sóknaraðili verið í erfiðri stöðu og þurft að fá pípara til að laga lekann til að forða enn frekara tjóni á íbúð sóknaraðila og nærliggjandi íbúðum. Að loknum viðgerðum verktakans hafi komið í ljós að meginorsök lekans hafi verið frágangur við niðurfall en auk þess hafi verið bent á fjölmarga aðra vankanta á verki varnaraðila sem hafi orsakað leka.

Sóknaraðili bendir á að það liggi fyrir að galli hafi verið tilkynntur til varnaraðila munnlega með símtali í júní 2021 og formlega með tölvupósti þann 16. júní 2021. Taka verði tillit til þess að ekki hafi verið ljóst í upphafi að orsök lekans tengdist frágangi seljanda á baðherberginu. Af því leiði að sóknaraðili hafi uppfyllt tilkynningarskyldu sína innan tímamarka samkvæmt 17. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. kveði á um að neytandi skuli tilkynna seljanda þjónustu um galla innan sanngjarns frests. Samkvæmt 2. mgr. sé miðað við að neytandi geti ekki borið fyrir sig galla sem ekki sé tilkynnt um innan tveggja ára frá afhendingu þjónustu. Af ákvæðinu sé því fyllilega ljóst að tilkynning sóknaraðila hafi hvoru tveggja komið fram innan sanngjarns frests samkvæmt 1. mgr. og innan tveggja ára frests samkvæmt 2. mgr. 17. gr.

Hvað varði umfjöllun seljanda um úrbótarétt vísar sóknaraðili til þess að þann 16. júní 2021 hafi varnaraðila verið boðið að koma og leggja mat á hvað hafi þurft að gera til að bæta úr gallanum. Seljandi hafi ekki brugðist við þeim pósti og hafi í raun afþakkað að koma að málinu. Í greinargerð varnaraðila komi fram að hann hafi boðist til að koma og bæta úr gallanum en sóknaraðili bendir á að það sé rangt og ósannað. Þann 12. október 2022 hafi sóknaraðili sent varnaraðila póst þar sem tilkynning um galla hafi verið ítrekuð auk þess sem varnaraðili hafi verið upplýstur um viðgerðir á baðherberginu. Í sama pósti hafi sóknaraðili ítrekað að gera þyrfti kröfu í ábyrgðartryggingu varnaraðila. Svar hafi borist frá varnaraðila samdægurs og þá fyrst hafi hann vísað til þess að hann hafi ekki fengið tækifæri til að lagfæra gallann sjálfur. Með þessu telji sóknaraðili að varnaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem hann verði sjálfur að bera hallann af.

Sóknaraðili bendir á að 1. mgr. 16. gr. laga nr. 42/2000 um úrbótarétt seljanda eigi ekki við í málinu þar sem varnaraðila hafi verið boðið að koma að málinu og eftir atvikum bæta úr gallanum en hafi ekki sinnt því. Sóknaraðili vísar einnig til þess að hann hafi haft sérstakar ástæður til að hafna úrbótum af hálfu seljanda, sbr. niðurlag 1. mgr. 16. gr. laganna. Hann bendi á að sökum ófaglegra vinnubragða hafi varnaraðila verið ómögulegt að bæta úr gallanum án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir sóknaraðila.

Sóknaraðili hafni því að niðurstaða skoðunar tryggingafélagsins og [...] hafi verið sú að ekkert athugavert væri við verk varnaraðila. Umræddir aðilar hafi einungis framkvæmt sjónskoðun og ekki komist að rétttri niðurstöðu um orsök lekans. Þá hafi þessir aðilar ekki verið að skoða verk varnaraðila sérstaklega. Þá telji sóknaraðili að það hafi enga þýðingu í málinu að verktakinn [...], sem hafi verið fenginn til að lagfæra annmarka á verki varnaraðila, sé keppinautur varnaraðila.

Sóknaraðili telur að hafna beri málsástæðu varnaraðila sem snúi að frávísun málsins sökum þess að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið beint með varnaraðila í skilningi a-liðar 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019. Sóknaraðili ítrekar að hann hafi gefið varnaraðila færi á að koma og meta gallann og beri varnaraðili hallann af því að hafa ekki sinnt því boði. Því sé enn fremur mótmælt að vísa beri málinu frá kærunefnd á þeim grundvelli að kvörtunin sé ótæk til meðferðar, sbr. e-lið 2. mgr. 14. gr. Þó sé vakin athygli á því að framangreind lög nr. 81/2019 hafi tekið gildi þann 1. janúar 2020 og því ekki verið í gildi þegar þjónusta varnaraðila hafi verið afhent í nóvember 2019.

Sóknaraðili mótmælir því að kröfur hans fyrir nefndinni séu með einhverjum hætti óskýrar. Sóknaraðili hafi gert kröfu um að viðurkennt verði að honum sé rétt að rifta samningi við varnaraðila vegna galla á verki sem varnaraðili hafi framkvæmt á baðherbergi sóknaraðila að [...], sbr. 14. gr. laga nr. 42/2000. Þá sé krafist viðurkenningar á rétti sóknaraðila til greiðslu skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna þess tjón sem hann hafi orðið fyrir af völdum vinnubragða varnaraðila á baðherbergi hans að [...], sbr. 15. og 25. gr. laga nr. 42/2000. Þessar kröfur samrýmist að öllu leyti, enda sé verið að gera kröfu um viðurkenningu á rétti til riftunar og rétti til skaðabóta og þau réttarúrræði fyllilega samrýmanleg. Þar sem verkinu sé lokið og sóknaraðili hafi þegar greitt verkkaup fari riftun ekki fram með öðrum hætti en að seljanda verði gert að endurgreiða greitt verkkaup, sbr. 14. gr. laga nr. 42/2000. Þá sé höfð uppi skaðabótakrafa, sbr. 15. gr. laganna, vegna þess tjóns sem sóknaraðili hafi orðið fyrir af völdum slægregra vinnubragða seljanda. Tjónið felist í þeim kostnaði sem kærandi hafi þurft að greiða fyrir lagfæringar á ágöllum verksins. Samkvæmt 15. gr. laganna eigi neytandi sem verði fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu rétt til skaðabóta nema seljandi þjónustunnar hafi sýnt fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans. Ekki fáist séð að varnaraðili hafi staðið undir þessari sönnunarbyrði og því sé ljóst að sóknaraðili eigi rétt til skaðabóta.

Sóknaraðili vísar til þess að í greinargerð varnaraðila sé því ranglega haldið fram að ekki sé byggt á því af hálfu sóknaraðila að allt verk seljanda sé haldið galla. Sóknaraðili segi að á því hafi verið byggt að verkið í heild sé haldið galla og vísar til kvörtunar um þau atriði. Þá sé því vísað á bug að misræmi sé í lýsingum kröfubréfs og skoðunarskýrslu [...], enda séu lýsingar á annmörkum á verki varnaraðila samhljóða í þessum gögnum, sem og í kvörtun. Þar sé auk þess gert grein fyrir hinni saknæmu og ólögmetu háttsemi varnaraðila. Í kvörtun komi meðal annars fram að varnaraðili hafi ekki innt af hendi faglega þjónustu og að ábyrgð hans sé sérfræðiábyrgð.

Sóknaraðili ítrekar umfjöllun í kvörtun um að verk varnaraðila hafi verið haldið galla í skilningi laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Samkvæmt 4. gr. laganna skuli útseld þjónusta, sem veitt sé í atvinnuskyni, ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkist hverju sinni. Þá skuli seljandi þjónustu samkvæmt 5. gr. laganna gæta þess að hún sé í samræmi við almennar reglur, staðla, reglur sem stjórnvöld setja, stjórnvaldsákvarðanir og lög sem gilda um veitta þjónustu í þeim tilgangi að vernda öryggi neytanda. Þjónusta teljist gölluð ef árangur af verki stenst ekki kröfur samkvæmt 4. gr. laganna eða árangur verði minni eða hafi minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja megi orsök þess til vanrækslu seljanda, sbr. ákvæði 9. gr. laganna. Þá megi benda á að seld þjónusta teljist gölluð ef þjónustan feli í sér hættu á eignatjóni, sbr. 4. tölulið 9. gr.

Sóknaraðili mótmælir kröfu varnaraðila um að honum verði gert að greiða málskostnað varnaraðila af málinu en slík krafa eigi sér enga stoð í lögum, sbr. ákvæði laga nr. 81/2019. Enga heimild sé að finna í lögnum fyrir því að varnaraðili máls geti krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Af þeim ástæðum beri að hafna kröfu um málskostnað.

#### 3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili bendir á að kærandi hafi hvorki þegar lekans hafi orðið vart um vorið 2020 né í kjölfar samskipta við tryggingafélagið og fyrirtækið [...] séð ástæðu til að hafa samband við varnaraðila og biðja hann að koma og skoða aðstæður og lagfæra ef þess þyrfti. Varnaraðili telji það vera af þeirri augljósu ástæðu að lekavandamál sóknaraðila hafi ekkert með framkvæmdir varnaraðila að gera. Það hafi aldrei verið forsendur til að ætla að lekavandamál í stofu kæranda væru vegna framkvæmda varnaraðila frá því í nóvember 2019. Telji hann að sóknaraðili hafi þegar um haustið 2020 fyrirgert sér öllum rétti samkvæmt lögum nr. 42/2000 til að krefjast skaðabóta úr hendi varnaraðila.

Það hafi ekki verið fyrir en 16. júní 2021, meira en einu og hálfu ári eftir verklok, að kærandi hafi haft samband við varnaraðila. Hann vilji taka fram að frásögn sóknaraðila og varnaraðila beri í meginatriðum saman um þessi samskipti en þá hafi varnaraðili bent sóknaraðila á að hafa samband við tryggingafélagið sitt til að kanna orsök lekans og hvort hann hafi stafað frá verki varnaraðila. Hann hafi í kjölfarið beðið sóknaraðila að hafa samband við sig að því loknu. Varnaraðili vísar til þess að ekki sé rétt að hann hafi hafnað því að koma og taka út verkið. Hann segir að hann hefði gert slíkt ef tryggingafélagið hefði talið að lekinn stafaði af verki varnaraðila. Svo hafi augljóslega ekki verið, enda hafi sóknaraðili ekki fylgt þessum samskiptum eftir. Varnaraðili telji að ástæðan fyrir því að sóknaraðili hafi ekki fylgt samskiptunum eftir sé sú að hann hafi þá þegar leitað til tryggingafélags síns og [...] sem hafi talið að rakinn væri vegna leka í lögn í vegg. Sóknaraðili hafi á þeim tíma vitað að ekkert benti til ábyrgðar varnaraðila á lekanum. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi kosið að upplýsa varnaraðila ekki um samskipti sín við fagaðilana og að ekkert hafi komið fram í úttektum þeirra sem hafi bent til ábyrgðar varnaraðila á lekanum. Kæranda hafi verið í lófa lagið að gera slíkt en hafi kosið að gera það ekki. Varnaraðili telji að með því hafi sóknaraðili fyrirgert rétti sínum samkvæmt lögum nr. 42/2000 til að krefjast skaðabóta úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að það hafi ekki verið fyrir en 12. október 2022, einu ári og fjórum mánuðum eftir samskipti þeirra frá 16. júní 2021 og þremur árum eftir verklok, að sóknaraðili hafi haft samband við varnaraðila og tilkynnt honum að lekinn hafi stafað af verki hans frá því í nóvember 2019. Á þeim tíma hafi verið búið að endurgera baðherbergið að fullu af hálfu verktakans [...], samkeppnisaðila varnaraðila, og því útilokað að átta sig á hver orsök lekans hafi verið.

Varnaraðili bendir á að hann hafi ekki haft möguleika á að lagfæra það sem mögulega hafi farið úrskeiðis við framkvæmdirnar þremur árum áður. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi hæglega getað haft samband við sig þegar opnað hafi verið að rakanum en hann hafi hins vegar kosið að gera það ekki og því sé útilokað fyrir varnaraðila, eða óháðan aðila, að ganga úr skugga um hvort tjónið sé tilkomið vegna framkvæmda hans.

Þá bendi varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið með varnaraðila líkt og honum hafi borið skylda til að gera samkvæmt a. lið 2. mgr. 14.

gr. laga nr. 81/2019 og því beri að vísa málinu frá kæruneftnd. Varnaraðili byggir auk þess á því að sú staðreynd í málinu leiði einnig til þess að sóknaraðili geti ekki borið fyrir sig að um gallað verk sé að ræða, sbr. 16. gr. laga nr. 42/2000.

Varnaraðili hafni öllum athugasemdum sóknaraðila um að hann hafi tilkynnt tjónið innan sanngjarns frests, sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 42/2000. Um sé að ræða augljóst tómlæti samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins og tveggja ára tímafrestur samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins löngu liðinn. Varnaraðili hafi ekki haft ástæðu til að ætla að leki á heimili sóknaraðila hafi stafað frá verki hans fyrr en 12. október 2022 þegar kærandi hafi fyrst tilkynnt honum að hann hygðist bera fyrir sig galla á þjónustu varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að hann sé ósammála sóknaraðila um að tryggingafélagið og [...]hafi ekki komist að rétttri niðurstöðu um orsök lekans. Sönnunarbyrði í málinu hvíli á sóknaraðila og um sé að ræða aðila sem sóknaraðili leitaði einhliða til og varnaraðili hafi enga aðkomu haft að þeirra úttekt. Sóknaraðili hafi ekki upplýst um úttektina í samskiptum þeirra frá 16. júní 2021. Hann verði því að bera hallann af því að þessir aðilar hafi ekki fundið neitt athugavert við framkvæmdir varnaraðila.

Þá hafnar varnaraðili þeirri athugasemd sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki staðið undir þeirri sönnunarbyrði að galli verði ekki rekinn til vanrækslu hans, sbr. 15. gr. laga nr. 42/2000. Samkvæmt ákvæðinu þurfi neytandi að sýna fram á að hann hafi fengið gallaða þjónustu. Sönnunarbyrðin liggja alfarið á neytanda eða sóknaraðila í þessu tilviki og telji varnaraðili að sú sönnun hafi ekki tekist. Auk þess ítreki varnaraðili að hann hafi engin úrræði til að sýna fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans, enda hafi farið fram heildarendurgerð á baðherberginu af hálfu [...] án aðkomu hans.

Varnaraðili vilji að lokum benda sérstaklega á að það sé útilokað að átta sig á kröfum sóknaraðila. Sóknaraðili krefjist þess að varnaraðili greiði fyrir alla endurgerðina á baðherbergi sóknaraðila, ekki einungis fyrir viðgerð á meintum galla, auk skaðabóta vegna sömu endurgerðar á baðherberginu. Kröfurnar séu því ekki einungis óljósar heldur gangi þær hvor gegn annarri.

Varnaraðili ítreki kröfu um að sóknaraðila verði gert að greiða málskotsgjald og allan málskostnað varnaraðila af málinu. Sóknaraðila megi vera það ljóst að krafa hans sé óréttmæt og eigi sér enga stoð í raunveruleikanum.

#### IV

#### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Varnaraðili hefur krafist þess að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa með vísan til a. og e. liðar 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið beint með gagnaðila líkt og krafist er samkvæmt a. lið 2. mgr. 14. gr. laganna og að kvörtun sé ótæk til meðferðar samkvæmt e. lið 2. mgr. 14. gr. laganna. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili og varnaraðili hafi átt í einhverjum samskiptum vegna málsins þar sem sóknaraðili upplýsti varnaraðila um stöðu mála og krafðist viðurkenningar á að tjónið yrði greitt úr ábyrgðartryggingu varnaraðila. Þrátt fyrir að sátt hafi ekki tekist milli aðila verður

ekki séð að sóknaraðili hafi ekki reynt að leysa málið beint með gagnaðila í skilningi a. liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Þá verður ekki séð að kvörtun sóknaraðila sé svo óljós að hún sé ótæk til meðferðar kærunefndarinnar samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. Er því ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili og varnaraðili gerðu með sér samning um þjónustu varnaraðila við framkvæmdir á baðherbergi í fasteign sóknaraðila. Kærunefndin telur að sú þjónusta sem deilt er um í málinu eigi undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup sem vinna við fasteign í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Sóknaraðili hefur greitt fyrir þjónustu varnaraðila að fullu en telur að þjónustan hafi verið haldin galla. Sóknaraðili krefst viðurkenningar á að honum sé heimilt að rifta samningi við varnaraðila vegna galla á þjónustu, sbr. 14. gr. þkpl. Þá krefst sóknaraðili viðurkenningar á rétti til greiðslu skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir, sbr. 15. og 25. gr. laganna. Sóknaraðili gerir kröfu um fulla endurgreiðslu á verkkaupi að fjárhæð 2.004.706 krónur, svo og greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1.520.835 krónur sem nemur kostnaði við nauðsynlegar viðgerðir á verki varnaraðila.

Fjallað er um galla á seldri þjónustu í 9. gr. þkpl. en ákvæðið er svohljóðandi:

**„9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:**

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.“

Meginreglan er sú að neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að seld þjónusta sé haldin galla þegar áhættan af hinni seldu þjónustu hefur flust til neytandans. Þá ber neytandi jafnframt sönnunarbyrði fyrir fjárhæð þess tjóns sem af hlýst vegna slíks galla.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing tjónamatsmanns á vegum tryggingafélags sóknaraðila þess efnis að ekki hafi verið gengið nógu vel frá sturtutækjum og leki hafi komist inn í vegginn. Þá liggur fyrir skoðunarskýrsla frá [...], dags. 3. júní 2020, en þar kemur fram að niðurstaða skoðunar hafi leitt í ljós að líkleg skýring á raka í vegg og í lofti í íbúð í kjallara væri biluð lögn í vegg eða annað sem væri að gefa sig.

Þá liggur fyrir skýrsla [...], verktaka sem tók að sér að framkvæma lagfæringar á verki varnaraðila, sem sóknaraðili aflaði einhliða um hið umþrætta verk. Skýrslan var unnin af eiganda fyrirtækisins sem er jafnframt pípulagningameistari. Í skýrslunni segir m.a. eftirfarandi um vinnu varnaraðila: „*Baðherbergið var allt endurnýjað og leit vel út við fyrstu sýn en við nánari skoðun kom í ljós að flísalögn, frágangur á stútum úr vegg, niðurfalli í sturtu og frágangur á útsogi var verulega ábótavant og var eins og mikið hefði vantað uppá fagþekkingu þess sem vann verkið*“. Samkvæmt framlögðum greiðslukvittunum greiddi sóknaraðili fyrrnefndum verktaka 1.520.835 krónur fyrir endurbætur á baðherberginu með tveimur millifærslum dagana 12. október og 28. október 2022.

Varnaraðili hafnar sönnunargildi framlagðar skýrslu og hefur vísað til þess að verktakinn [...] sé samkeppnisaðili á markaði og sé því ekki óvilhallur aðili. Líkt og fyrr greinir starfar kærunefnd vöru- og þjónustukaupa á grundvelli laga nr. 81/2019. Nefndin er stjórnvald sem starfar samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og gilda lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála ekki um störf hennar. Vegna þessa eðlis nefndarinnar er ekki unnt að gera sömu kröfur til sönnunarbyrði aðila líkt og gert er fyrir dómstólum. Verður kærunefndin að undangenginni rannsókn samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga að kanna á grundvelli framlagðra gagna hvort neytanda hafi tekist fullnægjandi sönnun um þau atriði sem deilt er um. Í máli þessu liggur ekki annað fyrir en að framlögð skýrsla hafi verið unnin af óvilhöllum fagaðila. Þá verður að líta til þess að varnaraðili hefur ekki reynt að hnekkja niðurstöðum skýrslunnar. Verður skýrsla fagaðila lögð til grundvallar í máli þessu.

Ákvæði 4. gr. þkpl. mælir fyrir um þá skyldu sem hvílir á seljanda þjónustu um að veita neytanda upplýsingar og leiðbeiningar vegna þjónustunnar. Þar segir að útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skuli ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Þá segir að skylt sé að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl. verður þjónusta, með tilliti til notagildis, að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna segir að ef árangur þjónustunnar verður ekki sá sem um var samið og það er ekki á ábyrgð neytanda sé þjónustan gölluð. Telur kærunefndin að framlögð skýrsla sérfræðings varpi ljósi á að verki varnaraðila hafi verið verulega ábótavant. Þá liggur fyrir að tjón hafi orðið á eign sóknaraðila sem rekja má til frágangs á verki varnaraðila. Með hliðsjón af framangreindu er fallist á að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla í skilningi 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi ekki tilkynnt um galla innan tilskilins frests, sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr. laga um þjónustukaup og varnaraðili beri því ekki ábyrgð á umræddum galla. Í 1. mgr. 17. gr. þkpl. segir að neytandi skuli tilkynna seljanda þjónustu um galla innan sanngjarns frests eftir að neytandi vissi eða mátti vita um gallann. Hafi neytandi ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að bera fyrir sig gallann. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. þkpl. mælir fyrir um tveggja ára hámarksfrest neytanda til að tilkynna seljanda um galla á þjónustu. Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Tilkynning neytanda um galla samkvæmt 17. gr. þkpl. getur verið hvort sem er munnleg eða skrifleg en neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að tilkynnt hafi verið um galla innan frestsins.

Af gögnum málsins verður ráðið að verki varnaraðila hafi verið lokið í byrjun desember 2019 en vorið 2020 kom í ljós leki í íbúð sóknaraðila. Fyrir liggur að sóknaraðila barst tilkynning frá tryggingafélagi sínu þann 25. ágúst 2020 þar sem félagið hafnaði bótaskyldu og taldi umrætt tjón falla utan skilmála fasteignatryggingarinnar. Þá liggja fyrir tölvupóstsamskipti sóknaraðila og íbúa á neðri hæð hússins sem áttu í sér stað í kjölfar tilkynningarinnar frá tryggingarfélaginu. Þar lýsir sóknaraðili því yfir að um ófullnægjandi frágang á verki varnaraðila hafi verið að ræða og að annað hvort sitji sóknaraðili sjálfur uppi með kostnað vegna tjónsins eða að hann nái að láta varnaraðila greiða kostnaðinn. Engu að síður hafði sóknaraðili ekki samband við varnaraðila fyrr en með tölvupósti þann 16. júní 2021, tæpum 10 mánuðum síðar, þar sem hann upplýsti um lekann og bauð honum að leggja mat á hvort lekinn stafaði af verki hans. Að framansögðu virtu er það mat kærunefndarinnar að sóknaraðili hafi ekki kvartað undan galla á þjónustu varnaraðila innan sanngjarns frests í skilningi 1. mgr. 17. gr. þkpl. Þá er ekkert í málinu sem bendir til þess að skilyrði 3. mgr. lagaákvæðisins eigi við. Með vísan til alls framangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað.

Hvað varðar kröfu varnaraðila um greiðslu málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skal tekið fram að í lögum nr. 81/2019 er ekki að finna ákvæði sem heimilar kærunefndinni að fallast á kröfu um greiðslu málskostnaðar. Að því virtu er kröfu varnaraðila um greiðslu málskostnaðar hafnað.

**V**  
**Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson